

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 8/2004**

**frá 6. febrúar 2004**

**um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 176/2003 frá 5. desember 2003 <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/564/EB frá 28. júlí 2003 um beitingu tilskipunar ráðsins 72/166/EBE að því er varðar effirlit með ábyrgðartryggingu vélknúinna ökutækja <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

IX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 8. lið (tilskipun ráðsins 72/166/EBE):  
  
„8a. **32003 D 0564:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/564/EB frá 28. júlí 2003 um beitingu tilskipunar ráðsins 72/166/EBE að því er varðar effirlit með ábyrgðartryggingu vélknúinna ökutækja (Stjtið. EB L 192, 31.7.2003, bls. 23).“
2. Textinn í 4. undirlið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 91/323/EBE), 5. undirlið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/43/EBE), 6. undirlið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/828/EB) og 7. undirlið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/103/EB) 8. liðar (tilskipun ráðsins 72/166/EBE), falli brott.

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2003/564/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. febrúar 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 88, 25.3.2004, bls. 53 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 15, 25.3.2004, bls. 14.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 192, 31.7.2003, bls. 23.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. febrúar 2004.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*P. Westerlund*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*Ø. Hovdkinn*

*M. Brinkmann*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.